

Ár 2009, fimmtudaginn 1. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 27/2009**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. maí 2009 með kvörtun lögmannsins A, fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 13. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. maí 2009, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 12. júní 2009. Var bréfið sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. júní 2009, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með rafpósti sóknaraðila, dagsettum 13. júlí 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum úrskurðarnefndarinnar 14. júlí, 24. september og 1. október 2009.

II.

Málsatvik.

Hinn 12. júlí 2007 gaf sóknaraðili út tryggingarbréf til varnaraðila þar sem hann setti fasteign sína að veði með 6. veðrétti og uppfærslurétti til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum X, að höfuðstóli allt að kr. 1.000.000, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar við innheimtuaðgerðir. Vanskil urðu á greiðslu skulda X við varnaraðila og höfðaði hann mál á hendur sóknaraðila til staðfestingar veðrétti í fasteign sóknaraðila til tryggingar greiðslu skuldar allt að fjárhæð kr. 1.000.000 ásamt nánar tilteknum dráttarvöxtum. Var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 16. apríl 2009.

Með rafpósti, dagsettum 30. mars 2009, spurðist lögmaður sóknaraðila fyrir um málið hjá varnaraðila. Síðar varð að samkomulagi að dómsmáli aðila yrði frestað þar til úrskurðarnefndin hefði kveðið upp úrskurð sinn.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 13. maí 2009.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að áðurnefndu tryggingarbréfi verði aflétt af fasteign hans. Þá er þess krafist að bréfið verði „ógilt og fellt niður.“

Sóknaraðili kveður varnaraðila ekki hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsettu 1. nóvember 2001, þegar hann setti fasteign sína til tryggingar skuldum X. Þannig hafi greiðslugeta aðalskuldara ekki verið metin eins og skylt hafi verið samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulagsins, auk þess sem sóknaraðila hafi ekki verið tilkynntur réttur sinn til slíks greiðslumats. Sóknaraðili vísar jafnframt til þess að varnaraðila sé samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins ávallt skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð á skuldum viðkomandi nemi meira en kr. 1.000.000. Sé höfuðstóll skuldar X kr. 1.000.000, auk dráttarvaxta og alls kostnaðar og því ljóst að sú fjárhæð, sem kunní að lenda á sóknaraðila, nemi hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki uppfyllt skyldur sínar um upplýsingagjöf samkvæmt 4. gr. nefnds samkomulags. Vísar sóknaraðili máli sínu til stuðnings til 36. gr. laga nr. 7, 1936.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður ekki hafa verið þörf á að meta greiðslugetu greinds X, enda hafi lánveitingin tengst atvinnurekstri hans. Hafi X kosið að reka fyrirtæki sitt í eigin nafni en ekki í sameignarfélags- eða einkahlutafélagsformi, en á því sé eingöngu formmunur en ekki eðlismunur. Af sömu ástæðu hafi ekki verið þörf á að vekja athygli veðsala á því að kynna sér rekstur og efnahag X.

VI.

Niðurstaða.

Samkvæmt d-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Í máli þessu liggur fyrir að varnaraðili þingfesti þann 16. apríl 2009 mál á hendur sóknaraðila til staðfestingar veðrétti varnaraðila í fasteign sóknaraðila til tryggingar greiðslu skuldar á grundvelli áður nefnds tryggingarbréfs, útgefins 12. júlí 2007. Er ágreiningsmál aðila þar með komið til meðferðar almennra dómstóla.

Með vísan til þessa og skýlauss orðalags áður nefnds d-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, gegn varnaraðila, F., er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 1. október 2009.